

Mosfellsbær - skipulagsnefnd
Ólafur Melsteð skipulagsfulltrúi
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Umsókn um leyfi til að byggja tvö íbúðarhús á lögbýlinu Minna-Mosfelli í Mosfellsbæ

Við undirrituð, eigendur og ábúendur á lögbýlinu Minna-Mosfelli í Mosfellsdal óskum hér með eftir leyfi til að byggja tvö íbúðarhús á landi jarðar okkar.

Vísað er til viðræðufundar með Ólafi Melsteð skipulagsfulltrúa 25. júní 2018 og leiðbeininga hans.

Til skýringa er hér upplýst að við höfum búið á Minna-Mosfelli í rúm 20 ár og rekum þar alifuglabú og gistiþjónustu fyrir ferðamenn. Gistiþjónustan er rekin á efri hæð núverandi íbúðarhúss, og því er einungis þriggja herbergja íbúð (115 fm) til afnota fyrir ábúendur á neðri hæð, sem er alls ófullnægjandi.


Almenn þróun á bújörðum í rekstri er að þörf fyrir íbúðarhúsnæði vex, vegna krafna um rýmri íbúðir, vegna starfsmanna og ættliðaskipta. Nýleg dæmi um þetta hér í næsta nágrenni í Mosfellsdal eru m.a. Laxnes, Hraðastaðir og Dalsbú.

Á árinu 2017 var tekið í notkun nýtt fráveitukerfi á Minna-Mosfelli, rotþró með siturlögn sem afkastar um 20 íbúaígildum.

Við erum að sjálfsögðu fús að veita allar frekari upplýsingar sem óskað kann að verða.

Minna-Mosfelli 27. júní 2018

Virðingarfyllt


Guðrún Sigurðardóttir.


Valur Steinn Þorvaldsson

Þetta bréf er sent 27. júní 2018 sem tölvupóstur og jafnframt með Póstinum í ábyrgð.